

20.07.2023 (#4 2023-2024) kl. 10:00

Aukafundur

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Sveinn Símonarson, Ragnar Fjalar Sævarsson** og **Hildur Andrjesdóttir** sem jafnframt ritar fundargerð. Þá sat Geir Ómarsson verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.

Boðað var til aukafundar vegna máls Guðlaugar Eddu Hannesdóttur (GEH)

Forsaga málsins:

- GEH er búin að vera meidd í hægri mjöðm síðan í janúar 2023
- 2021 fór hún í uppskurð á vinstri mjöðm hjá Dr Phillippon í Bandaríkjunum og var árangur af þeirri aðgerð mjög góður.
- Síðan í febrúar hefur hún farið í myndatökur á mjöðm bæði á Íslandi og Þýskalandi en framan af var greiningin ekki afgerandi fyrr en niðurstöður frá Dr Michel Dienst í Þýskalandi bárust.
- Niðurstaðan er „labrum tear“ og óstöðugleiki tengt því í mjöðminni. Þessi óstöðugleiki orsakast af „hip dysplasia“ en það lýsir sér þannig að mjaðmaskálin er of grunn og mjaðmakúlan rennur til (fer að hluta til úr lið).
- Dr Dienst mælir með að hún fari í sama uppskurð og hún fór í 2021 hjá sama lækni þar sem hann er bestur í heimi að framkvæma þessa aðgerð hjá afreksíþróttafólki og aðgerðin 2021 heppnaðist vel.
- Þjálfari GEH, Philipp Seipp kom henni að læknum Florian (í maí 2023) til að reyna meðferð án uppskurðar m.a. sprautur en sú meðferð hefur ekki skilað tilætluðum árangri.
- Stjórn ÞRÍ ákvað í júní 2023 með GEH að reyna áfram í 6 vikur en fara í uppskurð ef að það bæri ekki árangur.
- Í júlí 2023 hafði sársaukinn aðeins minnkað en samt langt því frá nægjanlega mikið til að geta hafið æfingar að nýju.
- Þrí hefur haldið nokkra fundi með ÍSÍ með áframhaldið og er stuðningur þaðan um að við höldum áfram að styðja við bakið á GEH þar sem hún er í ólympíu úrtaki fyrir leikana 2024 en einnig þar sem við hörfum til lengri tíma m.a. Ólympíuleikana í LA 2028.

Tekið saman af Valerie og Geir

Aðgerðin hjá Dr. Phillippon í Bandaríkjunu kostar u.þ.b. 60.000 USD (ca 8 Mio kr) fyrir utan ferðakostnað.

Fáum ekki að nýta peninginn sem var eyrnamerktur hennar keppnum í ár.

Fáum styrk úr afrekssjóði ÍSÍ 1.000.000 kr

ÍSÍ stiður þetta verkefni aukalega og leggur til 1.000.000 kr.

Eftir standa 6 milljónir.

Príbrautarsambandið á fyrir þessari upphæð en þetta er ansi stór biti. Nú þegar hefur sambandið greitt henni 7.5 milljón vegna ýmiss kostnaðar þjálfara, ferðalaga og fleira.

Þetta árið er verið að leggja mikið fé í unglिंगastarfið og mikilvægt að leggja það ekki til hliðar þrátt fyrir þetta verkefni.

Ákvörðun

ÞRÍ borgar aðgerðina og allan auka kostnað við hana.